



# Skýrsla um sjálfsmat 2023-2024

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni



Freyja Rós Haraldsdóttir, formaður sjálfsmatsnefndar

Október 2024



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Áætlun um sjálfsmat 2024-2027.....	4
Mat á árangri.....	5
Framhaldsskólapúlsinn .....	6
Áfangamat .....	12
Heimavist og félagslíf.....	13
3ja ára stúdentar.....	16
Stofnun ársins.....	18
Umbótaáætlun v. innra mats 2023-2024 .....	20

## Inngangur

Sjálfsmatsnefnd ML annast innra mat skólans. Hér má sjá yfirlit yfir þau sem sátu í nefndinni að þessu sinni. Það er orðin regla að fastir fulltrúar nemenda séu stallari (formaður) og varastallari nemendafélagsins og jafnframt að formaður foreldrafélagsins FOMEL sitji fyrir hönd foreldra.

### Sjálfsmatsnefnd 2023-2024

1. Freyja Rós Haraldsdóttir – gæðastjóri, formaður sjálfsmatsnefndar
2. Agnes Fríða Þórðardóttir – stallari, fulltrúi nemenda
3. Hekla Dís Sigurðardóttir – varastallari fulltrúi nemenda
4. Elín Jóna Traustadóttir – verkefnastjóri upplýsingatækni
5. Margrét Elín Ólafsdóttir – fulltrúi kennara/starfsfólks
6. Ágúst Friðriksson – fulltrúi foreldra, formaður FOMEL

#### Hlutverk nefndar

Innra mat.

Nefndin útfærir og leggur fyrir **kannanir** meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólks.

Framkvæmd og úrvinnsla er í höndum formanns.

**Álit, umræður og aðhald er í höndum nefndarinnar**

Hvað

Hvernig

Hvenær

Umbætur

Mat á árangri

Betur sjá augu en auga

Máttur samræðunnar

Fundað var þrisvar á skólaárinu 2023-2024 og niðurstöður kannana þar að auki til umfjöllunar við ýmis tilefni. Virkt samtal á sér stað um það sem kemur í ljós, hverju skal fagna og hvernig bregðast skuli við öðru til að snúa stefnunni í rétta átt. Í þessari skýrslu er fjallað um sex kannanir sem voru lagðar fyrir yfir veturinn:

1. Framhaldsskólalúpsinn –nemendur
2. Áfangamat að hausti –nemendur
3. Stofnun ársins –starfsfólk
4. Heimavist og félagslíf –nemendur
5. Áfangamat að vori –nemendur
6. 3ja ára stúdentar – útskrifaðir nemendur

Úrvinnsla kannana er í höndum gæðastjóra og felst í að rýna niðurstöður, kynna þær og taka til umræðu á ýmsum vettvangi. Í kjölfarið eru valdar áherslur og aðgerðir, með góðu samráði við sjálfsmatsnefnd og stjórnendur. Haldið er utan um stöðu aðgerða í Loop: *Umbótaáætlun vegna innra mats*, þar sem gæðastjóri, skólameistari og áfangastjóri hafa aðgang. Skólameistari rýnir niðurstöður, aðgerðir og markmið og samþykkir sjálfsmatsskýrsluna, áður en hún er birt.

## Áætlun um sjálfsmat 2024-2027

Lagt er upp með að innra mat nái til allra aðila skólasamfélagsins; núverandi og fyrrverandi nemenda, starfsfólks og foreldra. Áætlun til næstu þriggja ára var samþykkt í sjálfsmatsnefnd og af skólameistara:

2024-2025	
Haust 2024	<p><b>Nemendur:</b> Framhaldsskólapúlsinn</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Starfsfólk:</b> Stofnun ársins</p>
Vor 2025	<p><b>Foreldrar:</b> Foreldrakönnun</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Útskrifaðir nemendur:</b> Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2022)</p>
2025-2026	
Haust 2025	<p><b>Nemendur:</b> Framhaldsskólapúlsinn</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Starfsfólk:</b> Stofnun ársins</p>
Vor 2026	<p><b>Nemendur:</b> Þjónustukönnun</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Útskrifaðir nemendur:</b> Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2023)</p>
2026-2027	
Haust 2026	<p><b>Nemendur:</b> Framhaldsskólapúlsinn</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Starfsfólk:</b> Stofnun ársins</p>
Vor 2027	<p><b>Nemendur:</b> Heimavist og félagslíf</p> <p><b>Nemendur:</b> Áfangamat</p> <p><b>Útskrifaðir nemendur:</b> Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2024)</p>

## Mat á árangri

Nú gafst tækifæri til að meta árangur aðgerða varðandi fjögur matsatriði þar sem ráðist var í úrbætur í kjölfar fyrri kannana:

Matsatriði	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur	Mat á árangri
Einelti	Niðurstöður framhaldsskólapúls haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	3.9. Einelti – Röðun: fari úr 24,4% í 15%.	Einelti: lækkaði úr <b>24,4% í 17,3%</b>
Áreitni og ofbeldi	Niðurstöður framhaldsskólapúls haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	3.10. Áreitni og ofbeldi – ársmeðaltöl: úr 47,6% í 27%.	Áreitni og ofbeldi: <b>lækkaði úr 47,6% í 42,1%</b>  <i>Óviðunandi niðurstaða þrátt fyrir þróun í rétta átt. Verður unnið áfram (sjá umbótaáætlun aftast í þessu skjali).</i>
Leiðsagnar-nám	Niðurstöður framhaldsskólapúls haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	Virk þátttaka nemenda í tímum 5,5 (úr 5,4).  Tíðni leiðsagnarmats 5,3 (úr 5,1).  Hvatning til ígrundunar 5,6 (úr 5,2).	Virk þátttaka nemenda í tímum <b>hækkaði úr 5,4 í 5,7</b> .  Tíðni leiðsagnarnáms <b>hækkaði úr 5,1 í 5,6</b> .  Hvatning til ígrundunar <b>hækkaði úr 5,2 í 6,1</b> .
Vinnu-skilyrði	Niðurstöður stofnunar ársins haust 2023. Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2024.	Mat á vinnuskilyrðum fari úr 4,06 í fyrra horf, upp í 4,37.	Mat á vinnuskilyrðum <b>hækkaði úr 4,06 í 4,18</b> .  <i>Markmiði ekki náð þrátt fyrir þróun í rétta átt. Unnið áfram með hljóðvist (sjá umbótaáætlun aftast í þessu skjali).</i>




## Framhaldsskólapúlsinn

Framhaldsskólapúlsinn var sendur út á nemendur í október. Til stóð að leggja hann fyrir í umsjónartíma 24. október, fyrir þau sem ekki væru búin að svara þá, en vegna Kvennavekfalls féll sá tími niður. Umsjónarkennarar aðstoðuðu þó við að ítreka og vel tókst til; 120 svöruðu af 128 nemendum skólans, þ.e. 94% svörun.


Niðurstöður voru margrýndar og þær kynntar, m.a. með tölvupóstum, umfjöllun á fundum og sumt var hengt var upp á vegg í kennarastofunni. Opin svör voru lesin af stjórnendum. Eftir umræðu í sjálfsmatsnefnd voru ákveðnar aðgerðir varðandi fjögur atriði. Kvíði er það eina sem þróaðist til verri vegar frá fyrri könnun en hitt er eitthvað sem við viljum sjá enn betra.:

1. Leiðsagnarmat
2. Vinnulag í námi
3. Kvíði
4. Áreitni og ofbeldi

Áður en nánar er fjallað um þetta er rétt að staldra við valin atriði sem hægt er að fagna. Í fyrsta lagi *viðhorf og hollusta gagnvart skólanum*, sem mælist hátt í 90% jákvæð og tók stökk frá síðustu könnun. Svipað hjá strákum og stelpum en eilítið hærra hjá stelpunum.



Ánægjulegt var að sjá að fleiri finna til *samsömunar við nemendahópinn*. Þrátt fyrir að það hafi verið kynjaskekkja í nemendahópnum síðustu ár þá kemur fram að strákarnir samsama sig eilítið betur heldur en stelpurnar.



Varðandi *stuðning kennara við nemendur, virka þátttöku, tíðni leiðsagnarmats og hvatningu til ígrundunar* var allt upp á við frá síðustu könnun og skólinn mælist um eða yfir viðmiði. Enn er vilji til að bæta í þarna og markvisst er unnið að því að innleiða hugmyndafræði leiðsagnarnáms í skólanum. Tveir gestir voru fengnir á starfendarannsóknarfundum í ár; Ívar Rafn Jónsson og Súsanna Margrét Gestsdóttir. Heilmikil umræða er meðal kennara um hvernig efla megi menningu leiðsagnarnáms í skólanum.


Þetta var í fyrsta skipti sem spurt var um jafnrétti í skólanum í framhaldsskólalápinum og niðurstaðan var 5,7, töluvert yfir viðmiði og samhljómur hjá strákum og stelpum (spurt um áherslu á jafnrétti, jöfn tækifæri til þátttöku í tímum og jöfn tækifæri til þátttöku í félagslífi). Hér má sjá töflu með heildaryfirliti varðandi námsumhverfi:

## 1. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmiði	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	86,7%	91/105	31,4%	69,8%	658/915	16,9%*
1.2. Samsömun við nemendahópinn	5,3	106	0,7	4,6	921	0,7*
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	5,6	107	0,5	5,6	923	0,0
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,7	106	0,3	5,4	920	0,3
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	5,6	106	0,6	5,7	918	0,0
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6,1	107	0,9	6,0	915	0,1
1.7. Jafnrétti í skólanum	5,7	108	-	4,9	932	0,8*

Vinnulag og virkni í námi hefur færst upp á við. Nemendur meta þó vinnulag sitt undir viðmiðinu (4,7 í ML en 5,1 er viðmiðið). Það má því sjá sóknarfæri þar og náms- og starfsráðgjafi mun freista þess að hafa áhrif með því að halda námskeið fyrir nemendur í námstækni, haustið 2024.

Strákar og eldri nemendur mátu vinnulag sitt eilítið lakara en stelpur og yngri nemendur.



### Spurningar á bakvið "vinnulag"

1. Ég klára heimavinnuna áður en ég fer í tíma
2. Ég legg mikið á mig við heimavinnuna
3. Ég er undirbúin(n) fyrir próf
4. Ég læri þangað til ég skil efnið
5. Ég tek eftir í tímum
6. Ég forðast truflanir þegar ég er að læra
7. Ég skipulegg nám mitt vel

## 2. Virkni í námi


Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Námsáhugi	5,2	108	0,4	5,8	929	-0,6*
2.2. Vinnulag í námi	4,7	107	0,7	5,1	926	-0,4*



Kvíði mældist meiri hjá eldri nemendum heldur en þeim yngri og mikill kynjamunur er til staðar; 20% stráka og 53% stúlkna í ML finna fyrir einkennum kvíða. Það er aðkallandi spurning fyrir skólann og samfélagið í heild hvernig hægt sé breyta þessu. Nemendur hafa aðgang að sálfræðingi í skólanum og stoðþjónustan eflist enn frekar nú þegar hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslunni í Laugarási mun koma vikulega. Elfar sálfræðingur hélt fyrirlestur í umsjónartíma hjá fyrsta bekk haust 2023 og 2024 með fræðslu um kvíða. Til stendur að hann komi inn í eldri bekkina líka í vetur.


Unnið verður með gátlista Heilsueflandi framhaldsskóla fyrir geðheilbrigði.

Jafnframt verður stöðunni haldið á lofti og málið ávarpað með óformlegum hætti, til dæmis með umræðum í umsjónartímum. Hugmyndir eru uppi um að hafa viðburð á námsmatsdegi, þar sem nemendur fá fræðslu (meðal annars með greiningu á stöðu stelpna og áhrifa kvenleikans) og ræði svo saman í vinnustofum. Þemadagarnir “Dagamunur” í mars gefa líka færi á viðburði.




### Spurningar á bakvið “kvíða”


1. Ég átti í erfiðleikum með að anda (t.d. allt of hröð öndun, mæði án líkamlegrar áreynslu)
2. Ég fann fyrir skjálfta (t.d. í höndum)
3. Ég hafði áhyggjur af aðstæðum þar sem ég gæti fengið ofsakvíðakast (panic) og gert mig að fífla
4. Mér leið eins og ég væri alveg að fá ofsakvíðakast (panic)
5. Ég varð vör/var við hjartsláttinn í mér þó ég hefði ekki reynt á mig (t.d. hraðari hjartsláttur, hjartað sleppti úr slagi)
6. Ég fann fyrir ótta án nokkurrar skynsamlegrar ástæðu



Mikið starf hefur farið fram í ML síðustu ár til að þróa og efla svokallað EKKO-kerfi. Handbók, verklagsreglur, skráningar og forvarnir eru liður í því að takast betur á við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Það var því einstaklega gott að sjá tölur um einelti taka dýfu í rétta átt:




Að sjálfsögðu verður áfram unnið eftir EKKO-kerfinu og vonandi heldur myndin áfram að batna, sérstaklega varðandi stelpur. EKKO-forvarnirnar miða líka að því að draga úr áreitni og ofbeldi. Þar er verk að vinna eins og sést á næstu síðu.



Útkoman varðandi áreitni og ofbeldi er óásættanleg. Rætt verður við 2. og 3. bekk og stjórn Mímis um virðingu fyrir yngri nemendum. Skólameistari vinnur með stjórn nemendafélagsins og ræðir á húsþingi. Harðar verður tekið á ákveðnum „hefðum“.

Rætt hefur verið um leiðinlega stemmingu á bekkjarmótum í íþróttahúsinu og verður eftirleiðis meira eftirlit á þeim.

Ofbeldisvarnarskólinn á vegum Bennu Sörensen var haldinn fyrir allt starfsfólk skólans á námsmatsdegi 2. október. Benna heimsótti einnig allan fyrsta bekk í lífsleiknitíma viku seinna. *Áhorfendamiðuð nálgun* verður innleidd í forvarnarstefnu skólans og gerður fastur liður í umsjónartímum að kynna nemendum þá hugmyndafræði.



### Spurningar á bakvið “áreitni og ofbeldi”

1. Ég varð fyrir barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi
2. Mér var hótað eða ógnað þannig að ég óttaðist um öryggi mitt
3. Ég var niðurlægð(ur) fyrir framan aðra
4. Ég varð fyrir kynferðislegri áreitni (t.d. snerting sem ég vildi ekki, kynferðislegar athugasemdir uppnefni)
5. Ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi (þvinguð/þvingaður til kynlífsathafna sem ég vildi ekki eða tilraun gerð til þess, t.d. samfara, munnmaka, endaparmsmaka eða a nnarra kynlífsathafna)
6. Ég varð fyrir því að persónulegum eigum mínum var stolið

## Áfangamat

Niðurstöður áfangamats voru upp á við um haustið '23 en niður á við um vorið '24. Það er athyglisvert að fylgjast með þróuninni, þó kennsluhættir og fagmennska kennara velti auðvitað á fleiru en áfangamatinu. Í umbótáætlun eru aðgerðir sem miða að því að efla áfram leiðsagnarnám í ML.

Matsþáttur/spurning	H21	Vor 2022	Br. á milli H21 og V22	Haust 2022	Br. á milli V22 og H22	Vor 2023	Br. á milli H22 og V23	Haust 2023	Br. á milli V23 og H23	Vor 2024	Br. á milli H23 og V24
Gefðu áfanganum í <b>heild</b> sinni einkunn á skalanum 1-10	7,9	7,4	-0,5	7,4	0,0	7,5	+0,1	7,7	+0,2	7,4	-0,3
Gefðu <b>kennslunni</b> í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,8	7,3	-0,5	7,4	+0,1	7,5	+0,1	7,9	+0,4	7,3	-0,6
Gefðu <b>námsefninu</b> í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,6	7,2	-0,4	7,2	0,0	7,4	+0,2	7,5	+0,1	7,2	-0,3
Gefðu <b>námsmatsaðferðum</b> í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,7	7,3	-0,4	7,3	0,0	7,4	+0,1	7,6	+0,2	7,1	-0,5
Hvernig meturðu <b>vinnuálagið</b> í áfanganum með einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	5,9	6,2	-0,3	6,0	+0,2	5,8	+0,2	5,6	+0,2	5,9	-0,3
Leggðu mat á hvernig þér finnst <b>þú standa þig</b> í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,8	7,4	-0,4	7,3	-0,1	7,4	+0,1	7,7	+0,3	7,5	-0,2

Ákveðið var á fundum sjálfsmatsnefndar að næst verði könnunin einfölduð. Fyrsta spurningin verði þá tekin út og ef til vill líka sú fjórða, um námsmatsaðferðir. Það verður rætt í sjálfsmatsnefnd í haust.

Einungis skólameistari og kennarar sjálfir skoða niðurstöður fyrir hvern áfanga (auk áfangastjóra ef hún tekur starfsmannaviðtal við viðkomandi kennara). Ein opin spurning var í könnuninni um haustið: **Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi áfangann?** Kennarar geta beðið um að opnað sé á svörin úr opnu spurningunni, en sum kæra sig ekki um slíkar nafnlausar athugasemdir. Skólameistari les yfir opnu svörin og sigtar úr ef um ónægðar eða ómálefnalegar athugasemdir er að ræða.

Kennarar fá jafnframt hvatningu og verkfæri til að leggja fyrir eigin kennslukannanir og kalla eftir sjónarmiðum nemenda sinna.

## Heimavist og félagslíf

Könnun var lögð fyrir alla nemendur ML í umsjónartíma 12. og 19. mars 2024. Svarhlutfall var 95%. Ein „aukaspurning“ var um skólabyrjun og þar voru hátt í 90% sem vildu halda tímasetningu hennar óbreyttri og byrja áfram kl. 8:30.

91% segjast líða *mjög* eða *frekar vel* á heimavistinni sinni. Nákvæmt yfirlit var sent á vistarverði og stjórnendum 23. maí 2024. Vísbendingar eru um að gott væri að setja meiri áherslu á gæslu á heimavistinni Nös, til að tryggja t.a.m. betri svefnfrið og vinnufrið.

Við greiningu gagnanna vakti athygli að þátttaka í ML-tímum í íþróttahúsinu er ekki eins almenn og ætla mætti. Rúmlega fjórðungur sagðist mæta tvisvar til fjórum sinnum í viku en næstum helmingur *aldrei eða næstum aldrei*. Mikil kynjaskekkja var í mætingunni. Yfirlitið hér fyrir neðan var hengt upp í skólanum og rætt við stjórn nemendafélagsins. Markmið voru sett í jafnréttisáætlun Mímis fyrir yfirstandandi stjórnartímabil.

Hversu oft ferð þú að jafnaði í ML-tímum í íþróttahúsinu?														
	Aldrei eða nánast aldrei		Nokkrum sinnum í mánuði		Einu sinni í viku		Tvisvar sinnum í viku		Þrisvar sinnum í viku		Fjórum sinnum í viku		Samtals	
	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.
Annað	0	0	0	0	0	0	100%	1	0	0	0	0	100%	1
Karlkyn	21%	10	4%	2	21%	10	29%	14	13%	6	13%	6	100%	48
Kvenkyn	60%	44	30%	22	3%	2	3%	2	3%	2	1%	1	100%	73
Öll	44%	54	20%	24	10%	12	14%	17	7%	8	6%	7	100%	122

25% stráka segjast fara aldrei/nánast aldrei eða nokkrum sinnum í mánuði.

90% stelpna segjast fara aldrei/nánast aldrei eða nokkrum sinnum í mánuði.

50% stráka segjast fara einu sinni til tvisvar sinnum í viku.

6% stelpna segjast segjast fara einu sinni til tvisvar sinnum í viku.


Af þeim sem fara þrisvar til fjórum sinnum í viku eru 12 strákar (26% strákanna)

Í sama hópi eru einungis 3 stelpur (4% stelpnanna).


Nemendur eru heilt yfir ánægð með nemendafélagið sitt og telja félagslífið öflugt. 95% eru sátt við fjölda viðburða en dreifing á þeim gæti verið jafnari. 40% segjast vera í nefnd eða klúbba sem tengist félagslífi skólans en 15% til viðbótar myndu vilja vera það. Það væri ánægjulegt ef öll sem vilja myndu taka þátt.

Eftirfarandi myndir (og fleiri) voru sendar á stjórn nemendafélagsins og stjórnendum í maí 2024 (einnig afhent útprentað). Í skjalinu voru líka opnu svörin sem ættu að gagnast mjög vel sem hrós, pepp og hugmyndabanki.


### ÉG ER STOLT AF NEMENDAFÉLAGINU MÍMI




### HVERSU VIRKT EÐA ÓVIRKT FINNST ÞÉR FÉLAGSLÍFIÐ Í ML VERA?



### DREIFING Á VIÐBURÐUM




### HVAÐ FINNST ÞÉR UM FJÖLDA VIÐBURÐA Í FÉLAGSLÍFINU Í ML?




## 3ja ára stúdentar

Árleg könnun meðal útskrifaðra nemenda var lögð fyrir 22. maí og svörum safnað til 11. júní 2024. Að venju var stallari viðkomandi útskriftarhóps (2021) tengiliður við hópinn. Svarhlutfall var 84% (31 af 37 nemendum svöruðu). Niðurstöður voru kynntar á skólafundi í ágúst. Á heildina litið eru þau sem kláruðu árin þrjú ánægð með dvölinna:



Að meðaltali síðustu 11 ár hafa 72% útskrifaðra metið það svo að dvölin í ML hafi undirbúið þau frekar vel eða mjög vel fyrir frekara nám. Af þeim sem svöruðu könnuninni í ár voru 70% á því. Lítið sem ekkert er um að fólk svari því að dvölin hafi undirbúið þau illa en sum segja hvorki vel né illa.



ATH. ártölin vísa til útskriftarárs svarenda – kannanir fóru fram 3-5 árum eftir útskrift.



Hér eru dæmi um það sem kom fram í opnu svörunum hjá 3ja ára stúdentum:

Félagslífið var það langbesta við skólann. Góðir kennarar og auðvelt að kynnst samnemendum.

Allt fólkið og félagslífið þar, það er allt öðruvísi þar en í öðrum skólum. Það er svo sérstakt að upplifa það að búa með skólafelögum sínum og kennir manni svo mikið á lífið að fara svona snemma að heiman og upplifa ML.

Það var mjög gott hvað maður er náinn kennurunum, þeir allir þekkja mann og það auðveldar námið.

Ég lærði að rífa mig á stað, það var engin mamma eða pabbi til að ýta manni áfram og ég lærði líka virðingu fyrir öðrum og umhverfinu með því að búa á sameiginlegri vist.

Betri í samskiptum, þroskandi og á góða vini. Námið er mjög fínt og skemmtilegt.

Að fá að búa með vinum og bekkjarfélögum á vistunum góðu, það er tími sem er mér mjög dýrmætur. Einnig voru margir kennarar sem voru svo yndislegir og höfðu greinilega ástríðu fyrir kennslu.

Að læra með vinum mínum á vistinni og gömlu hefðirnar að mestu leyti.

Vinirnir og kennsla á akademískum skrifum, það er eitthvað sem ég nýti mest í áframhaldandi námi.

Mörg sjá kostina við félagslífið og heimavistina í ML:

<b>Félagslífið</b>
<b>Félagslífið gat verið bæði best og verst</b>
<b>Félagslífið og kennararnir</b>
<b>Félagslífið og kennararnir/starfsfólkið í skólanum</b>
<b>Félagslífið og samvinnan við aðra nemendur, að sjálfsögðu.</b>
<b>Félagslífið og stuðningur kennara.</b>
<b>Félagslífið. Mikill kærleikur í ML</b>
<b>Fjarvist og samskiptin í bekknum mínum.</b>
<b>Heimavist</b>
<b>Heimavistin</b>
<b>Heimavistin og félagslífið</b>
<b>Mannleg samskipti, þroski og sjálfstæði</b>
<b>Nemendur og kennarar</b>
<b>Samnemendur</b>
<b>Vistarlífið og tengslin</b>

Skólameistari og formaður sjálfsmatsnefndar hittust á fundi til að fara yfir ábendingar um það sem betur má fara.

Áfangastjóri, skólameistari og formaður sjálfsmatsnefndar munu fara yfir ábendingar útskrifaðra varðandi námsbrautarskipulag og úrval valáfanga. Ánægja er almenn og margar af ábendingunum varða eitthvað sem þegar hefur verið fært til betri vegar.

## Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins hefur verið lög fyrir í ML á hverju ári síðan 2016. Þátttaka hefur verið að aukast, vonandi af því að fólk finnur að þetta skipti máli og unnið sé með niðurstöðurnar. 76% svörun var að þessu sinni. Niðurstöður komu í lok febrúar og Áslaug, Freyja og Jóna Katrín fengu kynningarfund með Gallup 22. mars. Margt gott kom út úr þessu. Heildareinkunn var 4,35 og ML lendir í efsta þriðjungi, í samanburði við aðrar stofnanir.

Þess má geta að um vorið 2024 var starfsfólk boðið að svara annarri könnun; Stjórnendamat forstöðumanna í opinberri þjónustu. Sú könnun snýr alfarið að því að meta störf skólameistara og kom afar vel út.

ML mælist sérstaklega hátt varðandi launakjör og ímynd stofnunarinnar. Jafnrétti er í fyrsta skipti undir stofnanaflokki, sem virðist tengjast kynjaskekkju varðandi ábyrgðarhlutverk innan stofnunarinnar.

Stefnt hafði verið að því að hækka mat á vinnuskilyrðum og það náðist að nokkru marki. Sérstaklega er fólk nú ánægt með matar- og kaffiaðstöðuna, enda fékk kaffistofan heilmikla yfirhalningu. Upplýsingagjöf og hljóðvist voru þættir sem talið var að hægt væri að bæta og því var send innanhússkönnun 15. apríl, þar sem starfsfólki var boðið að svara tveimur opnum spurningum um þessa þætti, í nafnlausri könnun:

**Hljóðvist:** "Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu)".  
Einkunnin var 3,63 og fór niður um 0,22 á milli kannana.


**Vinsamlegast lýstu þinni afstöðu til hljóðvistar í ML og komdu með tillögur að umbótum, ef við á.**

**Upplýsingagjöf:** "Ég fæ nægar upplýsingar um það sem gerist hjá stofnuninni"  
Einkunnin var 4,00 og fór niður um 0,10 á milli kannana. Sem er ekki slæmt en við ættum að geta haft það enn betra í okkar litla samfélagi.

**Vinsamlegast segðu frá því ef þú vilt fá meiri upplýsingar um ákveðna hluti og komdu með tillögur að því hvernig best væri að miðla þeim.**


Út úr svörunum voru dregin fimm atriði varðandi hljóðvist og fimm varðandi upplýsingagjöf. Unnið er eftir aðgerðalista í Loop. Sem dæmi er þegar búið að endurnýja hátalara í nokkrum kennslustofum og aukið kapp hefur verið lagt á að námsferðir séu kynntar með góðum fyrirvara.

Skólastarfi og kennslu fylgir mikil ábyrgð og ætti ekki að koma á óvart að fólk í þeim geira eigi það til að glíma við einkenni streitu. Það er þó til mikils að vinna að draga úr henni, til að auka vellíðan og starfsánægju, sem án efa skilar sér til nemenda. Því miður var þróunin í öfuga átt í þetta sinn:



Skólameistari kynnti þessar niðurstöður og ræddi um streitu á kennarafundi 30. apríl '24.

Ólafur Þór Ævarsson frá Streituskólanum startaði skólaárinu með fyrirlestri 15. ágúst. Því verður fylgt eftir í vor, með upprifjun og umræðu á kennarafundi. Markmiðið er að það verði óalgengara að fólki langi ekki í vinnuna næsta dag eða sé svo þreytt að það eigi erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut.



## Umbótaáætlun v. innra mats 2023-2024

Umbótaþættir og markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat og viðmið um árangur
<b>Vinnulag í námi</b> Nemendur bæti vinnulag í námi, s.s. að mæta undirbúin, læra þangað til þau skilja, skipuleggja sig og lágmarka truflun þegar þau læra.	Námstækninámskeið haust 2024.	Haust 2024	Náms- og starfsráðgjafi	Framhaldsskólalámsinn 2024  Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025  Viðmið: úr 4,7 í 5,1 (sem var viðmiðið á landsvísu).
<b>Leiðsagnarnám</b> Halda áfram að efla leiðsagnarnám.	Ívar Rafn – sérfræðingur í leiðsagnarnámi – gestur á starfendarannsóknarfundi.  Súsanna Margrét – sérfræðingur í kennslufræði og starfsþróun kennara – gestur á starfendarannsóknarfundi.	Vor 2024  Haust 2024	Áfangastjóri og gæðastjóri	Framhaldsskólalámsinn 2024  Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025  Viðmið: sækja enn á varðandi a.m.k. tvennt af þessum fjórum; stuðning, þátttöku, leiðsagnarmat og ígrundun.
<b>Kvíði</b> Draga úr einkennum kvíða, sérstaklega meðal stelpna.	Gulur september – skilaboð á skólaskjá.  Fylla út gátlistann fyrir geðrækt (Heilsueflandi framhaldsskóli) og vinna með það.  Elfar sálfræðingur með fræðslu um kvíða, fyrir alla bekkir í umsjónartíma.  Umræða í umsjón og viðburður/vinnustofa á námsmatsdegi og/eða Dagamun.	Veturinn 2024-2025	Skólameistari, Heilsueflandi fulltrúi og gæðastjóri	Framhaldsskólalámsinn 2024  Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025  Viðmið: úr 39,6% í 35%.

<p><b>Áreitni og ofbeldi</b> Draga úr áreitni og ofbeldi, sérstaklega varðandi að „vera niðurlægður fyrir framan aðra“.</p>	<p>Ofbeldisvarnarskólinn – áhorfendamiðuð nálgun. Vinnustofur og innleiðing í EKKO-forvarnarstefnu skólans.</p> <p>Rætt við 2. og 3. bekk og stjórn Mímis um virðingu fyrir yngri nemendum. Skólameistari vinnur með stjórn nemendafélagsins og ræðir á húspingi. Hart tekið á ákveðnum „hefðum“.</p> <p>Eftirlit á bekkjarmótum í íþróttahúsinu.</p>	<p>Starfsfólk – 2. okt '24 1. bekkur – 9. okt '24</p> <p>Haust 2024</p>	<p>Gæðastjóri og skólameistari</p> <p>Skólameistari</p>	<p>Framhaldsskólalapsinn 2024</p> <p>Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025</p> <p>Viðmið: Er 42,1% hjá okkur en 27,7% á landsvísi. Viljum <b>lækka</b> um 10 prósentustig; í 32%.</p>
<p><b>Hljóðvist</b> Bæta hljóðvist</p>	<p>Könnun send á starfsfólk til að leita skýringa og lausna.</p> <p>Unnið úr ábendingum og fundnar markvissar leiðir til að miðla meira/betur upplýsingum. T.d. nýjar gardýnur á kaffistofu starfsfólks.</p>	<p>Apríl 2024</p> <p>Fylgt eftir haust 2024 (sjá loop)</p>	<p>Gæðastjóri</p> <p>Verkefnastjórn og stjórnendur</p>	<p>Stofnun ársins 2024</p> <p>Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025</p> <p>Viðmið: Hækka aftur, úr 3,63 í 3,85.</p>
<p><b>Upplýsingagjöf</b> Bæta upplýsingagjöf</p>	<p>Könnun send á starfsfólk til að leita skýringa og lausna.</p> <p>Unnið úr ábendingum og fundnar markvissar leiðir til að miðla meira/betur upplýsingum. T.d. að virkja nemendafélagið í að setja viðburði í sameiginlega dagatalið.</p>	<p>Apríl 2024</p> <p>Fylgt eftir haust 2024 (sjá loop)</p>	<p>Gæðastjóri</p> <p>Verkefnastjórn og stjórnendur</p>	<p>Stofnun ársins 2024</p> <p>Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025</p> <p>Viðmið: Hækka aftur, úr 4,0 í 4,1.</p>
<p><b>Streita</b> Það verði óalgengara að fólki langi ekki í vinnuna næsta dag eða sé svo þreytt að það eigi erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut.</p>	<p>Umræða á kennarafundi.</p> <p>Streituskólinn – Ólafur Þór Ævarsson.</p> <p>Eftirfylgni – umræða á kennarafundi.</p>	<p>30. apríl 2024</p> <p>15. ágúst 2024</p> <p>Vor 2025</p>	<p>Skólameistari</p>	<p>Stofnun ársins 2024</p> <p>Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2024-2025</p> <p>Viðmið: Hækka aftur, úr 3,57 í 3,71.</p>